

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Breyting á deiliskipulagi Vesturbyggðar - íbúðarsvæðis vestan Berga í Þorlákshöfn.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 26. janúar 2023 breytingu á deiliskipulaginu Vesturbyggð - íbúðarsvæði vestan Berga í Þorlákshöfn.

Breytingin skilgreinir nýjar íbúðarlóðir og heimildir til uppbyggingar á þeim í samræmi við nýlega samþykkt aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulaginu „Hafnarsvæði Þorlákshafnar“.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 23. febrúar 2023 breytingu á deiliskipulaginu „Hafnarsvæði Þorlákshafnar“.

Breytingin fjallar um heimildir til uppbyggingar á lóðinni Hafnarskeiði 6 og er skilmálum fyrir lóðina breytt.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 8. maí 2023.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 9. maí 2023